



VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ



FJÁRMÁLA- OG EFNAHAGSRÁÐUNEYTIÐ



ALÞÝÐUSAMBAND ÍSLANDS



Bandalag
háskólamanna



BSRSB



KENNARASAMBAND
ÍSLANDS



SA



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Samstarfsyfirlýsing

milli velferðarráðuneytisins, fjármála- og efnahagsráðuneytisins, Alþýðusambands Íslands, Bandalags háskólamanna, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, Kennarasambands Íslands, Samtaka atvinnulífsins og Sambands íslenskra sveitarfélaga um fræðslu og ráðgjöf við innleiðingu á jafnlaunastaðli: ÍST 85:2012.

Heildarsamtök launafólks, atvinnurekenda og stjórnvalda hafa tekið höndum saman og unnið að tilraunaverkefni um innleiðingu jafnlaunastaðals í samræmi við ákvæði til bráðabirgða nr. IV í lögum um jafna stöðu og jafnan rétt karla og kvenna nr. 10/2008 og aðgerðaáætlun stjórnvalda um launajafnrétti kynjanna frá október 2013. Samstarfsverkefninu var hleypt af stokkunum á Jafnréttisþingi 1. nóvember 2013 og er ætlað að ná til bæði hins almenna og opinbera hluta vinnumarkaðarins.

Markmið jafnlaunastaðalsins er að auka gagnsæi og gæði í launaákvörðunum og auðvelda atvinnurekendum að viðhalda launajafnrétti kynja á vinnustað sínum. Grunnforsenda staðalsins er að einstaklingar hjá sama atvinnurekenda njóti sambærilegra kjara og réttinda fyrir sömu eða jafnverðmæt störf.

Fjármála- og efnahagsráðuneytið hefur unnið að tilraunaverkefninu í samstarfi við aðgerðahóp stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins um launajafnrétti. Í samræmi við ákvörðun aðgerðahópsins var ákveðið að nýta þjónustu fræðslusetra og ýmissa fræðslusjóða aðila vinnumarkaða til að tryggja skilvirka og faglega framkvæmd innleiðingar. Samstarf þetta felur í sér að námskeið fyrir starfsmenn stofnana og fyrirtækja í tengslum við innleiðingu staðalsins verði þróuð og haldin. Áætlað er að námskeiðin verði fjögur um þriggja tíma löng hvert. Þau fjalli um kynningu á jafnlaunastaðli og innleiðingu hans, starfaflokkun, launagreiningu og skjölun, í samræmi við kröfur staðalsins.

Samstarfsaðilar hafa sammælt um að leita til Fræðslusetursins Starfsmenntar til að stýra undirbúningi og þróun námskeiðanna. Stýrihópur verði stofnaður um útfærslu verkefnisins.


Starfsmennt mun halda utan um námsefni og framkvæmd námskeiða þannig að tryggt verði að fræðsla um jafnlaunakerfi og jafnlaunastaðal verði aðgengileg.

Einnig er því beint til fræðslusetra og sjóða í eigu aðila yfirlýsingarinnar að styðja fræðslu í tengslum við innleiðingu jafnlaunastaðalsins á vinnustöðum enda styrkir notkun hans samkeppnisstöðu fyrirtækja og eykur þekkingu og skilning starfsmanna á launasetningu.

Reykjavík, 13. nóvember 2014.



Eygló Harðardóttir,
félags- og húsnæðismálaráðherra



Bjarni Benediktsson,
fjármála- og efnahagsráðherra



Gylfi Arnbjörnsson,
f.h. Alþýðusambands Íslands



Guðlaug Kristjánsdóttir,
f. h. Bandalags háskólamanna



Elín Björg Jónsdóttir,
f.h. Bandalags starfsmanna ríkis og bæja



Aðalheiður Steingrimsdóttir,
f.h. Kennarasambands Íslands



Þorsteinn Víglundsson,
f. h. Samtaka atvinnulífsins



Halldór Halldórsson,
f. h. Samband íslenskra sveitarfélaga